



---

# Samfélagsskýrsla 2022

---

**HAGKAUP**

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	Ávarp framkvæmdastjóra	3	<b>4</b>	Samfélagið	26
	Fyrirtækið	4		Vörumerkjamælingar	28
<b>2</b>	Umhverfismál	7		Ávextir fyrir börnin	29
	Umhverfisstefna	10		Samfélagsstyrkir	30
	Meginstoðir	12		Samstarfsverkefni	31
	Íslensk kolsýra	13	<b>5</b>	Heimsmarkmið SP	38
	Áfyllingarstöðvar	14		Markmið sem náðust 2022	43
	Minnkum matarsóun	15		Lykilþættir ESG-Skýrslu	44
<b>3</b>	Mannauður	17		Sjálfbærnimarkmið 2023	46
	Framgangur kvenna	19		Langtímamarkmið	48
	Jafnlaunastefna	20	<b>6</b>	Áfram veginn	50
	Starfsánægjumælingar	21			
	Fjölmennning	22			
	Starfsaldur	23			
	Vöxtur í starfi	24			





# 1 Ávarp framkvæmdastjóra

Síðastliðið ár hefur einkennst af miklum afleiðingum stríðsins í Úkraínu. Mannlegur harmleikur ber að sjálfsgöðu hæst en það hefur verið skelfilegt að fylgjast með þróun mála og vonar maður að þessi hryllingur taki enda sem allra fyrst. Þessu til viðbótar hafa afleiðingar meðal annars verið miklar hækkanir á hrávöru ýmiskonar og svo hækkandi orkuverð í löndum Evrópu. Þetta skilar sér í auknum hækkunum sem sett hefur verðbólgu heimsins af stað. Þessi staða er ekki góð fyrir neinn og ljóst að stöðugleiki er besti kostur fyrirtækja og heimila. Þessi þróun hefur því sett af stað keðjuverkun sem erfitt er að stöðva. Við bindum samt vonir við að brátt sjái til lands og að þessi kafli verðhækkana heyri brátt sögunni til.

## Umhverfismál

Í endurnýjun tækja og búnaðar höfum við haldið áfram af fullum krafti, samkvæmt áætlun. Við kláruðum fyrir síðustu jól að skipta út öllum kælibúnaði í verslun okkar í Garðabæ. Verslunin skipar sér nú í hópi umhverfisvænni verslana sem keyra á íslenskum kolsýru kælimiðli og leysir af hólmi “freon”, en það er efni sem telst skaðlegt og er á útleið í verslunum heimsins. Við höfum verið í farbroddi í þessari endurnýjun og munum fagna þeim árangri fyrir lok ársins 2023 að klára síðustu verslunina okkar og getum því státað að umhverfisvænni kælimiðlum í öllum okkar verslunum. Samhliða þessari þróun höfum við unnið að því að skipta út orkufrekri lýsingu fyrir LED ljós sem sparar gríðarlega orku. Við erum ákaflega stolt af þessum umbreytingum sem skipta okkur og umhverfið svo miklu máli.

## Matarsóun

Árið 2022 hófum við innleiðingu á íslenskum hugbúnaði sem ber heitið AGR og aðstoðar okkur við réttari vöruinnkaup. Okkar sýn á matarsóun er sú að hún byrjar í pöntunarferlinu. Ef við gerum mistök í pöntunum þá skapar það mögulega sóun á hinum endanum í formi umframbirgða. Okkar nálgun er að vanda betur pantanir og í dag er AGR að stýra að stórum hluta allra pantana okkar verslana. Það tryggir réttari pantanir, réttari birgðir og minni matarsóun. Með þessum hætti ætlum við að ná besta mögulega árangri í minni matarsóun fyrir Hagkaups verslanir og umhverfið okkar. Við hlökkum til að segja betur frá innleiðingarferlinu og þeim árangri sem við væntum þess að ná með aðstoð AGR.

Það tekur tíma að breyta hugsunarhætti í stóru fyrirtæki og fá alla til að hugsa sitt hlutverk í starfi upp á nýtt í þágu umhverfisverndar og bættrar sjálfbærni. Við erum á rétti leið en í þessum málaflökki þarf stöðugt að huga að nýjum leiðum til gera betur í dag en í gær.

Sigurður Reynaldsson  
framkvæmdastjóri

# Fyrirtækið

Hagkaup er leiðandi smásölufyrirtæki sem býður breitt úrval af vörum til daglegra þarfa í matvöru, snyrtivöru og leikföngum, ásamt góðu úrvali af fatnaði, tómstundavöru og heimilisvöru. Hagkaup var stofnað árið 1959 og starfaði fyrstu árin sem póstverslun en fyrsta verslunin var síðan opnuð við Miklartorg í Reykjavík 1967. Starfsemi fyrirtækisins á djúpar rætur að rekja í íslensku samfélagi, enda verið órofinn hluti af verslunarsögu landsins í 64 ár.

Hugsjón Hagkaups hefur ávallt verið að bjóða viðskiptavinum upp á fjölbreytt vöruúrval, þægilegan opnunartíma og hlýlegt viðmót. Við leggjum okkur fram við að leita fjölbreyttra leiða til að gera hversdaginn aðeins skemmtilegri, ánægjulegri og einfaldari.

Hjá Hagkaup starfar metnaðarfullt starfsfólk sem er sífellt á höttunum eftir einstökum vörum sem mæta síbreytilegum þörfum okkar viðskiptavina. Við fögnum nýstárlegum hugmyndum og hvetjum hvort annað til þess að koma með lausnir sem gera upplifun viðskiptavina sem ánægjulegasta. Við leggjum okkur fram við að hlusta á þarfir okkar viðskiptavina og erum óhrædd við að gera breytingar í takt við þær þarfir.

Hagkaup leggur ríka áherslu á vernd umhverfisins í allri sinni starfsemi. Við höfum sett okkur markmið um að vera í farabroddi þegar kemur að umhverfisvernd og samfélagslegri ábyrgð. Við leitumst við að velja umhverfisvænni vörur frá birgjum og veljum fjölnota vörur fram yfir aðrar til sölu í verslunum. Einnig vinnum við að margvíslegum aðgerðum með það að markmiði að minnka matarsóun og draga úr orkunotkun. Við styðjum samfélagsleg málefni með fjölbreyttum hætti og erum virk í stuðningi við íslenska nýsköpun í matvælaíðnaði.

Hagkaup rekur alls sjö verslanir, sex á höfuðborgarsvæðinu og eina á Akureyri. Hjá fyrirtækinu starfa um 730 starfsmenn.





---

## 2 Umhverfið

---

Umhyggja fyrir  
nærumhverfi og náttúru

**HAGKAUP**

## Hjartans mál að taka heildrænt á málunum

„Sjálfbærni vegferð Hagkaups hófst fyrst með almennri vakningu í samfélaginu og auknum jákvæðum þrýstingi frá neytendum að fyrirtæki líkt og matvöruverslanir láti verkin tala þegar það kemur að umhverfisvernd og samfélagslegri ábyrgð. Einnig hjálpar til þegar yfirstjórn félagsins og móðurfélagsins Hagar sýna sannan áhuga á þessum mikilvæga málaflokki. Tölum um hlutina eins og þeir eru, það er engin að gera frábæra hluti né búinn að tékka í öll boxin, ekki einu sinni þeir sem eru að standa sig best. Við eigum ennþá langt í langt, en það er þó engin ástæða til að uppfyllast vonleysi. Miklu frekar eigum við að fagna þeirri vakningu sem hefur átt sér stað og nýta þann sterka meðbyr sem er í seglunum núna.

Þessi vegferð er okkur hjartans mál. Ég er svo heppinn að fá að vera á vaktinni á þessum spennandi tímum og að fá tækifæri sem stjórnandi í mínu fyrirtæki til þess að hafa jákvæð áhrif og leita nýrra leiða til að gera betur í dag en í gær.“

Svanberg Halldórsson  
Rekstrarstjóri verslana



Hér má hlusta á viðtalið í heild sinni sem að Laufið tók við Svanberg (birt á Spotify í september 2022)



# Umhverfismál

Styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu hefur aukist verulega síðustu áratugi. Ljóst er að loftlagsbreytingar af mannavöldum eru hnattrænn vandi og ein helsta áskorun samtímans. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að bregðast við þessum breytingum af krafti svo tryggja megi sjálfbærni og velferð komandi kynslóða.

Hagkaup leggur ríka áherslu á vernd umhverfisins, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka þau áhrif sem starfsemin hefur á umhverfið. Við höfum sett okkur það markmið að vera í fararbroddi á okkar markaði þegar það kemur að umhverfisvernd, sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

## Samstarf vegna mótvægisáðgerða

Til að taka markviss og mælanleg skref í átt að aukinni umhverfisvernd hefur Hagkaup gengið til samstarfs við Yggdrasil Carbon og Klappir grænar lausnir. Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Hagkaups. Hagar hafa fyrir hönd samstæðunnar gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf og hafa þær hlotið stranga gæðavottun skv. Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar. Kolefnis-einingarnar eru úr verkefninu Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar

þegar þær hafa raungerst. Með þessu móti er vegið á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óhjákvæmilega verður í rekstrinum. Engu að síður verður markvisst haldið áfram að draga úr losun í rekstri hvar sem því verður við komið.

## Samstarf við Klappir

Lykillinn að velgengni í umhverfismálum felst umfram allt í því að fyrirtæki mæli raunverulega kolefnislosun sína. Þannig má öðlast betri skilning á stöðu mála, sem auðveldar í framhaldinu stefnumótun, rétt viðbrögð og upplýsta ákvörðunartöku.

Hagkaup hefur undanfarin ár notast við umhverfisstjórnunarkerfi frá Klöppum en fyrirtækið hefur það markmið að vera leiðandi í gagnadrifinni sjálfbærni á heimsvísu.

Markmið Hagkaups með samstarfinu við Klappir er að ná mælanlegum árangri í umhverfismálum og sjálfbærni. Með rauntímagögnum og losunareftirliti gerir umhverfisstjórnunarkerfið okkur kleift að vakta og stýra þáttum eins og t.d. eldsneytisnotkun, útprentun, magni úrgangs, endurvinnslu, rafmagns- og vatnsnotkun.



# Umhverfismál

## Umhverfissvænni vörur

Það er óumflýjanleg staðreynd að vestrænar matarvenjur eru ekki nægilega sjálfbærar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur hvatt ríki heims til að minnka neyslu dýraafurða verulega vegna heilsufars- og umhverfispáttá. Með aukinni umhverfisvitund höfum við séð mikla aukningu í eftirspurn eftir vegan- og grænmetisfæði. Við flytjum inn marga spennandi vegan valkosti og framleiðum einnig okkar eigin vörur, meðal annars vegan vörulínu sem hefur slegið rækilega í gegn.

## Fjölnota vörur

Í leikfangadeildinni hefur úrvalið af umhverfisvænum kostum aldrei verið meira. Helst ber að nefna fjölbreytt úrval af viðarleikföngum og nýja línu af umhverfisvænum böngsum, sem unnir eru úr endurnýttum plastflöskum. Þá höfum við í auknum mæli boðið viðskiptavinum upp á úrval af fjölnota vörum svo sem stálrör, tíðavörur og vatnsbrúsa. Við finnum fyrir mikilli eftirspurn og áhuga meðal viðskiptavina eftir vörum af þessu tagi og höfum einsett okkur að auka úrvalið af fjölnota vörum enn frekar.

## Minni sóun

Við erum meðvituð um matarsóun og leggjum okkur fram við að draga úr henni eftir fremsta megni. Markvisst er unnið að bestun ferla við pantanir og öflugt rýrnunareftirlit hefur mikið að segja í baráttunni við matarsóun. Eins og sést í töflunni hér fyrir neðan þá hefur óflokkaður úrgangur dregist verulega saman á milli ára.

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS	EINING	2019	2020	2021	2022
Samtals úrgangur	kg	1.230.471	1.118.676	1.025.061	962.184
Þar af flokkaður úrgangur	kg	631.453	599.882	563.945	524.258
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	599.018	518.794	461.116	437.813
Endurunnið / endurheimt	kg	625.630	591.599	563.544	525.533
Urðun / förgun	kg	604.841	527.060	461.517	436.538
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	51,30%	53,60%	55,00%	54,5%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	50,80%	52,90%	55,00%	54,6%

Hagkaup hefur reynt eftir fremsta megni að minnka matarsóun og hefur fyrir vikið selt mikið af ferskvörum á afslætti, líkt og kjöt, grænmeti og ávexti, sem farnar eru að nálgast síðasta söludag. Við veitum 50% afslátt af sushi og eldgrilluðum kjúkling eftir klukkan 20:00 til að draga úr matarsóun. Sala á vörum á afslætti til spornunar við matarsóun nam rúmum 28 milljónum króna á árinu 2022 en það var aukning upp á rúm 45 prósent frá árinu 2021.



# Umhverfismál

## Orkusparnaður

Við höfum um langt skeið unnið markvisst að því að draga úr orkunotkun. Á síðustu árum höfum við náð fram verulegum orkusparnaði innan verslana með umhverfisvænni lausnum. Við höfum skipt út kælimiðlum úr freon yfir í íslenska kolsýru, en fyrir lok þessa árs verða allar Hagkaups verslanir komnar yfir í þennan umhverfisvænni kælimiðil.

Nýir lokaðir kælar hafa nú þegar verið settir upp í verslunum okkar í Skeifu, Kringlu, Akureyri, Spöng, Garðabæ og Eiðistorgi. Fyrir lok þessa árs verða allar verslanir okkar komnar með umhverfisvænni lokaða kæla sem skila orkusparnaði, bættri kælingu og minni matarsóun. Þá höfum við á síðustu árum skipt út orkufrekum loftljósum fyrir LED lýsingu á flestum stöðum í verslunum okkar. Með þessum aðgerðum hefur okkur tekist að draga umtalsvert úr heildar orkunotkun fyrirtækisins.

ORKUNOTKUN	EINING	2020	2021	2022
Heildar orkunotkun	kWst	15.871.202	16.305.662	14.573.690
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	121.875	141.992	104.139
Þar af orka frá rafmagni	kWst	9.262.795	8.541.111	7.425.320
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	6.486.532	7.622.559	7.044.231
Bein orkunotkun	kWst	121.875	141.992	104.139
Óbein orkunotkun	kWst	15.749.327	16.163.670	14.469.551

## Burðarpokar og umbúðir

Stöðugt er unnið að því að minnka plastnotkun innan verslana okkar en Hagkaup hefur í fjölda ára selt fjölnota burðarpoka. Árið 2018 hættu verslanir okkar sölu á burðarpokum úr plasti og í staðinn voru seldir umhverfisvænni lífniðurbjótanlegir burðarpokar.

Árið 2020 skiptum við alfarið úr plastpokum yfir í bréfpoka í Nammilandi. Umbúðum á brauðsalötum hefur verið skipt úr plasti yfir í pappa og þá hefur flestum umbúðum í bakaríinu okkar verið skipt úr pokum og plastbökkum yfir í pappumbúðir. Með þessu minnkum við plast um 90% í bakaríinu sem samsvarar um 12 tonnum árlega.

Frá 1. júlí 2021 hefur svo einungis verið hægt að kaupa bréfpoka á afgreiðslukössum í verslunum okkar.



# Umhverfisstefna

Markmið umhverfisstefnunnar er að valda sem minnstri mengun, vernda umhverfið og þær auðlindir sem þar er að finna. Sjónarmið umhverfisverndar eru höfð í huga við alla þætti rekstrar og ákvarðanatöku.

Hagkaup hefur í samstarfi við móðurfélag sitt Haga og systurfélög sín, sett fram umhverfisstefnu með það að leiðarljósi að leggja áherslu á umhverfissjónarmið, bæði í daglegri starfsemi félagsins og stefnumótun. Meginmarkmiðið er að leggja okkar af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi okkar og eru stjórnendur og annað starfsfólk hvatt til að kynna sér stefnuna, framfylgja henni og hafa frumkvæði til umbóta í umhverfismálum. Með umhverfisstefnunni skuldbindum við okkur til að fylgja og leiða þá vinnu sem felst í því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á nærumhverfi fyrirtækisins. Við fylgjum eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfshátta, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga viðskiptavina.

Við tökum mið af umhverfisvernd við meðferð á söluvörum, förgun úrgangsefna, orkunotkun, sóun, flokkun og endurnýtingu umbúða, vöruþróun og val á rekstrarvörum.

Umhverfisstefnan er endurskoðuð árlega af umhverfisráði sem er ábyrgt fyrir innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni umhverfisstefnunnar.

## Umhverfisráð og aðgerðaráætlun

Móðurfélag Hagkaups, Hagar, hefur sett á laggirnar umhverfisráð þar sem fulltrúi okkar ásamt aðilum úr hinum systurfélögum eru ábyrgir fyrir innleiðingu og framfylgni umhverfisstefnunnar innan hvers fyrirtækis.

Umhverfisráðið fundar með reglubundnum hætti og hlutverk þess er að gera aðgerðaáætlun hvað varðar umhverfismál sem gildir til tveggja ára í senn. Í áætluninni skal m.a. útlista leiðir að markmiðum, hvernig settum markmiðum skal náð og hvernig eftirfylgni aðgerðaráætlunarinnar skuli háttáð.



# Umhverfisstefna

## Markmið umhverfisstefnunnar

- Efla og viðhalda umhverfisvitund starfsfólks sem starfar innan fyrirtæksins, ásamt því að hvetja það og þjálfa til að sinna störfum sínum með tilliti til umhverfisverndar.
- Aðlaga stjórnarhætti félagsins með aukna umhverfisvitund að leiðarljósi.
- Lágmarka sóun í rekstrinum.
- Halda orkunotkun í lágmarki og leitast við að draga úr mengun og útblæstri eins og kostur er.
- Taka mið af umhverfissjónarmiðum við innkaup félagsins þar sem hægt er.
- Leitast við að þróa umhverfisvænar lausnir fyrir viðskiptavinum og sömuleiðis bjóða þeim upp á umhverfisvænni kosti.
- Leitast við að efla umhverfisvitund viðskiptavina, hvetja til endurvinnslu og kaupa á umhverfisvænni valkostum.
- Vekja athygli þjónustuaðila, verktaka og annarra hagaðila á grundvallaratriðum umhverfisstefnu félagsins þar sem við á og hvetja til úrbóta á starfsháttum þeirra í samræmi við stefnu félagsins.
- Endurmeta árangur umhverfisstefnunnar með reglulegu millibili og koma á umbótum þar sem það á við.



# Meginstoðir í umhverfisstefnu Hagkaups

Í daglegum rekstri okkar eru þrjár meginstoðir sem stuðla að bættum umhverfisáhrifum. Við trúum því að ef við sameinum krafta okkar, birgja og viðskiptavina þá megi ná enn betri árangri á jákvæðan hátt fyrir umhverfið.

## Orkusparnaður

Við drögum úr orkunotkun með því að skipta út orkufrekum búnaði fyrir nýjan umhverfisvænni búnað, s.s. LED ljós, lokaða kæla og frysta, kælimiðla með íslenskri kolsýru og rafmagns bifreiða í stað þeirra sem nota jarðefnaeldsneyti.

## Minnkum matarsóun

Markmið Hagkaups er að engu sé hent nema allt hafi verið reynt til að bjarga verðmætum frá sóun. Við byrjum á rót vandans og leggjum metnað í rétt vöruinnkaup, m.a. með sjálfvirkum pöntunarhugbúnaði (AGR), en með því má lágmarka þau tilfelli þar sem ráðast þarf í verðmætabjörgun í formi verðlækkunar. Samhliða þessu er virkt rýrnunareftirlit í Hagkaup þar sem við drögum

lærdóm af því sem betur mátti fara og aðlögunum okkur jafn óðum að nýjum og breyttum aðstæðum. Vörur sem nálgast líftíma sinn eru lækkaðar í verði og merktar sérstaklega, þar sem viðskiptavinum býðst að gera góð kaup og minnka matarsóun.

## Flokkum rétt

Mikilvægur liður í umhverfisvernd er rétt flokkun úrgangs. Hagkaup vaktar og mælir reglulega svokallað flokkunarhlutfall í samstarfi við þjónustuaðila í sorphirðu, þar sem áhersla er lögð á sem hæst hlutfall af rétt flokkuðum úrgangi.

## Orkusparnaður



Flokkum rétt


Minnkum matarsóun

# Íslensk kolsýra og lokaðir kælar

Eitt af stóru málunum sem við höfum verið að vinna í síðastliðin ár er að kolsýruvæða kælikerfi verslana Hagkaups.

Við erum að skipta út freon efninu sem hefur í gegnum tíðina verið aðal kælimiðillinn, en efnið getur verið mjög slæmt fyrir umhverfið og því mikið kappsmál að útrýma því. Við höfum átt frábært samstarf við Kælitækni sem hafa aðstoðað okkur í þessari vegferð. Við getum með stolti sagt frá því að árið 2023 verðum við búin að kolsýruvæða síðustu verslunina okkar og erum þá laus við freon fyrir fullt og allt. Í þessu er tvöfaldur ávinningur, annarsvegar er kolsýran umhverfisvæn og hinsvegar eru kolsýru-kælikerfi ekki eins orkufrek og því mikill orkusparnaður fólgin í því.

Í þessum framkvæmdum endurnýjuðum við einnig kælieiningarnar okkar en þær voru alltof margar opnar sem vitaskuld leiðir til orkusóunar.



*Hér má horfa á kynningarmyndband frá Kælitækni um framkvæmdirnar í Hagkaup Garðabæ (2022)*



# Sóley Organics áfyllingarstöðvar



Nýverið opnuðum við stórglæsilega áfyllingarstöð fyrir húð- og hárvörur frá Sóley Organics. Við erum einstaklega stolt af því að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á þennan frábæra og umhverfisvæna valkost.

Nú geta viðskiptavinir okkar fyllt á brúsana sína með einföldum hætti sem er bæði betra fyrir umhverfið og veskið en viðskiptavinir fá 25% afslátt af vörunni með því að koma með gamla brúsann og fylla á.



# Minnkum matarsóun

Sameinuðu þjóðirnar hafa staðfest að heimsbyggðin framleiðir meira en nóg af mat fyrir alla íbúa jarðar og því ætti enginn að þurfa að þjást af matarskort. Matarskortur er engu að síður hnattrænn vandi sem orsakast að stóru leiti af þeirri gríðarlegu matarsóun sem á sér stað í heiminum. Áætlað er að um það bil 1,3 milljarðar tonna af mat til manneldis sé hent á ári hverju.

Markmið Hagkaups er að engum matvælum sé hent nema allt hafi verið reynt til að bjarga þeim. Fyrsta skrefið í átt að þessu markmiði er bæting pöntunarferla, en mistök í pöntunum geta leitt til umframbirgða og óþarfa matarsóunar.

Árið 2022 hóf Hagkaup innleiðingu á sjálfvirkum íslenskum pöntunarhugbúnaði sem ber heitið AGR. Þessi hugbúnaður aðstoðar okkur við að framkvæma réttari pantanir, fækka mannlegum mistökum og lágmarka þannig þau tilfelli þar sem ráðast þarf í verðmætabjörgun.

## Réttar pantanir + Réttar birgðir = Minni matarsóun

Til að sporna enn frekar við matarsóun hefur Hagkaup innleitt verkefni í verslunum sínum undir yfirskriftinni „Minnkum matarsóun“, en þar eru ferskvörur með stuttum líftíma seldar með 20%-90% afslætti. Þá veitir fyrirtækið einnig 50% afslátt af sushi og eldgrilluðum kjúkling eftir kl.20:00 á kvöldin.

Viðskiptavinir Hagkaups hafa tekið virkilega vel í verkefnið og í flestum tilfellum rjúka þessar vörur úr hillum okkar. Árið 2022 seldust vörur undir formerkjunum „Minnkum matarsóun“ fyrir tæpar 30 milljónir króna, en þetta er rúmlega 45 prósent hækkun frá árinu á undan.

Ávinningur verkefnisins er margþættur. Viðskiptavinum okkar bjóðast ekki einungis vörur á góðu verði, heldur stuðlar minni matarsóun einnig að aukinni sjálfbærni og styður við að draga úr þessum samfélagslega vanda sem heimsbyggðin öll glímir við.





---

## 3 Mannauður

---

Samhentur hópur tryggir framúrskarandi þjónustu

**HAGKAUP**



# Mannauður

Við leggjum ríka áherslu á vönduð og öguð vinnubrögð í okkar starfi. Markmiðið er að hámarka framleiðni en á sama tíma sýna viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.


Hagkaup leitast við að vera eftirsóttur vinnustaður. Við leggjum áherslu á að stuðla að almennri starfsánægju og góðum starfsanda til að laða að okkur hæft og traust starfsfólk. Starfsfólk er hvatt til að taka þátt í mótun meginmarkmiða samfélagsábyrgðar. Hagkaup er rótgróið en framsækið fyrirtæki á íslenskum smásöllumarkaði og hjá okkur starfar samhentur hópur fólks, alls 723 manns í um 348 stöðugildum. Við leggjum ríka áherslu á þjónustulund og áreiðanleika. Nýliðaþjálfun og símenntun starfsfólks er mikilvægur þáttur í að tryggja framúrskarandi þjónustu yfir lengri tíma. Við mismunum ekki starfsmönnum vegna kyns, trúarbragða, skoðana, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu að öðru leyti.

## Réttindi starfsfólks

Hagkaup tryggir að farið sé í öllu eftir lögum og reglum í samskiptum fyrirtækisins við starfsfólk. Einkunnarorðin “rétt skal vera rétt” eru viðhöfð og eru þau í samræmi við vilja okkar að gera gott samstarf okkar við stéttarfélag starfsmanna enn betra.

## Heilsa og vellíðan

Við erum í samstarfi við Heilsuvernd sem vinnur að heilsuvernd starfsmanna og heilsuefningu á vinnustað. Má þar helst nefna áhættumat á vinnuumhverfi, bólusetningu og fræðslustarfsemi um hollustu og heilbrigði. Heilsuvernd er öllum starfsmönnum til halds og traust við lausn vandamála sem snúa að heilsu og heilbrigði.



# Mannauður

Hagkaup leggur ríka áherslu á vönduð og öguð vinnubrögð í hverju því starfi sem starfsfólk sinnir með það að markmiði að hámarka framleiðni hvers starfsmanns sem og heildarinnar. Við viljum sýna samstarfsmönnum og öðrum virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.

## Fræðsla og þjálfun

Hagkaup leggur áherslu á að starfsfólk eigi kost á þjálfun og fræðslu sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi. Áhersla er lögð á móttöku og þjálfun nýliða. Starfsmenntasjóður Hagkaups er virkur og getur starfsfólk sótt um styrk þangað til náms og tómstunda. Markmið starfsmenntasjóðs Hagkaups er að auka hæfni og menntun starfsmanna, til að auka ánægju í starfi og skapa tækifæri til starfsþróunar. Sjóðurinn veitir styrki vegna námskeiða sem auka hæfni í starfi. Í gegnum tíðina hefur fjöldi starfsfólks aukið við menntun sína með aðstoð starfsmenntasjóðsins. Það er von okkar að sem flest starfsfólk nýti sér sjóðinn í framtíðinni til að auka möguleika sína á vinnumarkaði og í lífinu almennt.

## Starfsþróun


Starfsmannasamtöl eiga sér stað einu sinni á ári. Starfsþróun er okkur mikilvæg, en mat á frammistöðu er ein besta leiðin fyrir starfsfólk til að fá endurgjöf á vinnu sína og setja sér markmið. Allt starfsfólk á jafnan rétt til tækifæra, starfsþjálfunar og þróunar í starfi en í gegnum starfsþróun hafa flestir í yfirstjórn fyrirtækisins unnið sig upp í sínar stöður.

## Starfsfólk með skerta starfsgetu

Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni í samstarfi við Vinnuálastofnun. Verkefnið gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni starfsmannsins er höfð að leiðarljósi.

## Vinnuvernd

Við höfum framkvæmt áhættumat starfa frá árinu 2010 og er matið framkvæmt af starfsmönnum Hagkaups ásamt ráðgjafa frá EFLU verkfræðistofu. Við gerð áhættumatsins var fylgt vinnuumhverfisvísium Vinnueftirlitsins ásamt leiðbeiningum. Ákveðinn hluti starfsmanna er beðinn um að svara spurningum tengdum innra starfi fyrirtækisins, hollustuháttum, líkamsbeitingu, félagslegum og andlegum aðbúnaði og öryggi. Við leggjum áherslu á að starfsfólk þekki vinnureglur og viðmið í öryggishandbókum. Þá er mikilvægt að þau hafi aðgang að réttum öryggisbúnaði, noti hann og kunni góða líkamsbeitingu.



Fjögur megingildi starfsmannastefnu Hagkaups

## Framgangur kvenna í stjórnendastöðum

Hagkaup leggur ríka áherslu á framgang kvenna í fyrirtækinu og er stolt af því að hlutfall karla og kvenna sé jafnt í stjórnendastöðum verslana okkar.

Jafnfrétti og jafnlaunastefna er í hávegum höfð í verslunum Hagkaups út um allt land.

Elín V. Gautadóttir, verslunarstjóri Hagkaups í Garðabæ og Hagkaup í Smáralind segir góða samvinnu vera lykilinn að árangri.

*„Ég legg áherslu á að vinna með fólkinu í staðinn fyrir að vera mikið að skipa fyrir. Ég er meira þannig þenkjandi að ef ég er ekki til í að vinna vinnuna af hverju ætti starfsfólkið að gera það? Ég veigra mér ekkert við því að ráðast sjálf í dagleg verkefni og þá er starfsfólkið miklu viljugra til þess að leggja hönd á plóg“*

Elín er með stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá viðskipta- og hagfræðibraut auk þess sem hún er viðurkenndur bókari. Hún hóf störf hjá Hagkaup árið 2009 og tók við verslunarstjórastöðu í Garðabæ 2018 og svo stöðu verslunarstjóra í Smáralind samhliða Garðabæ árið 2021.

*„Ég tók við Garðabæ í byrjun desember 2018, „fimm mínútur“ í jólatörnina. Þetta var stór áskorun og á þeim tímabili tók ég ákvörðun um að ég myndi ráða við þetta.“* Elín segir að helstu verkefni sín yfir daginn séu að fara yfir stöðu í öllum deildum verslunarinnar og leiðbeina deildarstjórum varðandi hvar þurfi að laga til og leggja áherslu á.

Sex konur og sex karlar starfa í stjórnendastöðum í verslunum Hagkaups.

*„Ég hvet konur til að vera óhræddar við að sækjast eftir millistjórnenda- eða stjórnendastöðum. Ef fólk hefur trú á sjálfu sér um að geta staðið undir starfinu þá á það að vera óhrætt við að láta vaða“ – Elín V. Gautadóttir*



# Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefnunni er ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt einstaklinga. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Hagkaups. Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Við höfum innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna til að framfylgja settum stefnumiðum. Innleiðing og viðhald kerfisins er í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.

Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvarðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust komi hann í ljós.

Í mars 2023 störfuðu hjá Hagkaup 723 manns. Þar af 387 konur (53%), 334 karlar (46%) og 2 kynsegin. Árið 2019 hlaut Hagkaup jafnlaunavottun og var niðurstaða fyrstu greiningar 2,9% kynbundinn launamismunur, körlum í hag. Í maí 2022 lauk endurnýjun á jafnlaunavottun félagsins. Niðurstaða þessarar greiningar leiddi í ljós 1,0% kynbundinn

launamismunur, körlum í hag. Hagkaup vinnur samkvæmt því markmiði að kynbundinn launamismunur sé lægri en 2% og vinnur ötulst að því að munurinn verði að lokum enginn eða mjög nálægt 0%. Nú í mars 2023 voru sex karlar og sex konur í stjórnendastöðum í verslunum okkar.

## Jafnrétti

Hagkaup gætir jafnréttis til launa, aðstöðu og stöðuveitinga óháð þáttum s.s. kyni, aldri og þjóðerni og vinnur samkvæmt þeirri reglu að hver einstaklingur skuli metinn að verðleikum. Hagkaup vill stuðla að því að samræma starfsskyldur og fjölskyldulíf. Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin í Hagkaup. Við leggjum líka áherslu á að starfsfólk geri öllum jafnhátt undir höfði, með virðingu og jafnrétti að leiðarljósi.

## Jafnlaunamarkmiðin okkar

1. Hagkaup er vinnustaður þar sem allt starfsfólk á jafna möguleika til starfa, óháð kyni, aldri og þjóðerni.
2. Hagkaup stefnir að jöfnu hlutfalli karla og kvenna meðal starfsmanna eins og unnt er og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.
3. Hagkaup greiðir öllu starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
4. Hagkaup er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
5. Hagkaup líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni.
6. Hagkaup gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar.



# Starfsánægjumælingar

Starfsánægja starfsfólks Hagkaups er einn af lykilmælikvörðunum í okkar starfsemi. Markmið okkar er að Hagkaup sé eftirsóknarverður vinnustaður og við viljum hlúa vel að starfsánægju starfsfólks. Frá janúar 2021 höfum við stuðst við íslenska hugbúnaðinn MoodUp í tengslum við reglulegar púlsmælingar á starfsánægju. Starfsánægjukannanir eru sendar beint í farsíma alls starfsfólks. Með þessum hætti næsti hátt svarhlutfall (91% hjá Hagkaup) sem gefur skýrari mynd af líðan starfsfólks.


Niðurstöður mælinga hjá Hagkaup hafa verið nokkuð stöðugar (meðaltal 7,1). Við fögnum stöðugleikanum en höfum metnað fyrir því að rýna nánar einstaka liði, deildir og verslanir í von um að hækka ánægjustuðulinn. Endurgjöf starfsfólks er okkur ómetanleg og við leitumst við að leysa úr þeim ábendingum sem berast. Markmið fyrir árið 2023 er að hækka heildarstuðulinn í 7,5.



Starfsánægja



Próun yfir tíma



91% þátttaka á tímabilinu







## Starfsaldur

Hár starfsaldur meðal ótal margra af okkar frábæra starfsfólki í 64 ára sögu fyrirtækisins er eitthvað sem við erum gríðarlega stolt af.

Á árshátíðum heiðrum við starfsfólk okkar sérstaklega með gjöfum og lófaklappi þegar það á starfsaldursafmæli sem telur á heilum tug. Ófáir snillingar hafa starfað hjá okkur út starfsævina og fyrir þeirra framlag erum við óendanlega þakklát.

Í dag starfa tæplega 30 einstaklingar hjá Hagkaup með yfir 20 ára starfsreynslu.

Á toppnum tróna tvær drottningar, Bergþóra Skarphéðinsdóttir (Begga) í Hagkaup Smáralind og Dröfn Snæland í Hagkaup Garðabæ. Þær hafa báðar starfað hjá Hagkaup í rúm 35 ár, eru framúrskarandi í sínu starfi og skínandi gott dæmi um dýrmætan mannauð okkar hjá Hagkaup.



# Vöxtur í starfi

Hjá Hagkaup viljum við af fremsta megni veita okkar starfsfólki forgang og tækifæri til að sækja um lausar stöður áður en við leitum annað. Sú ómetanlega þekking sem reynslumikið starfsfólk býr að nýtist vel á nýjum vettvangi innan fyrirtækisins.

Nánast allir stjórnendur, milli-stjórnendur, deildarstjórar og aðrir sem gegna lykilhlutverki í daglegum rekstri Hagkaups hafa verðskuldað unnið sig upp í þær stöður.

Nýtt starfsfólk hefur því lifandi dæmi allt í kringum sig um þann möguleika að vaxa og dafna í starfi, sé viljinn fyrir hendi.

Einar Pálmi Ómarsson (á myndinni hér til hægri) er eitt af mörgum slíkum dæmum, en hann sinnir mikilvægu hlutverki framleiðslustjóra í framleiðslueldhúsi Hagkaups í Smáralind, þar sem við útbúum daglega holla og góða skyndirétti úr úrvals hráefni, s.s. sushi, smörrebröd, sósur og salöt. Á döfinni er einnig splúnkuný viðbót þar sem Einar og magnaða framleiðsluteymið hans mun bráðlega bjóða upp á spennandi valkosti í veisluþjónustu, undir nafninu 'Veisluréttir'. Við hjá Hagkaup höfum spennt sætisólarnar og hlökkum til kynna þessa nýjung fyrir viðskiptavinum okkar.







---

## 4 Samfélagsábyrgð

---

Viðskiptavinurinn í öndvegi

**HAGKAUP**

# Samfélagið

Við teljum mikilvægt og samfélagslega ábyrgt að leggja okkar af mörkum til þess að stuðla að auknum lífsgæðum í samfélaginu okkar. Við trúum því að við getum haft jákvæð áhrif á lífsgæði starfsmanna, viðskiptavina, hagsmunaaðila og samfélagsins í heild í gegnum daglegan rekstur.

Við setjum viðskiptavininn í öndvegi. Öll starfsemi okkar miðast við að gera samskipti viðskiptavina við Hagkaup sem ánægjulegust og því leggjum við kapp á fjölbreytt vöruúrval, framúrskarandi þjónustu og gott aðgengi að verslunum.

Hagkaup leggur áherslu á gott samband við viðskiptavinina sína og óskar fyrirtækið jafnan eftir því að þeir láti vita ef þeim finnst eitthvað ábótavant í vöruframboði, þjónustu eða aðbúnaði.

## Heilsa og hollusta

Til að stuðla að heilsu og hollustu okkar viðskiptavina, þá bjóðum við upp á mjög fjölbreytt úrval af hollum og ferskum matvælum, þar með talið ferskt grænmeti og ávexti, allt árið um kring. Í verslunum okkar er hægt að finna úrval af lífrænum matvælum sem og umhverfisvænum og ofnæmisprófuðum snyrtivörum. Við höldum Heilsudaga tvisvar sinnum á ári þar sem kynningar og tilboð á heilsuvörum, vítamínum, fæðubótarefnum og fleiri vöruflokkum, skipa stóran sess.

Í mörg ár höfum við boðið upp á salatbar sem nýtur mikilla vinsælda, sérstaklega í hádeginu. Þar geta viðskiptavinir sett saman sitt eigið salat úr ferskasta mögulega hráefni. Fjölmargir réttir eru í boði og erum við sífellt að auka við úrvalið.

## Útivist

Við styðjum viðskiptavinina okkar til hreyfingar og útivistar með því að bjóða upp á mikið úrval af fjölbreyttum útivistarvörum á sanngjörnu verði – allt frá sumarleikföngum, hjólum og hlaupahjólum yfir í hágæða gönguskó og útivistarfatnað.

## Betra aðgengi

Mikilvægur þáttur í þjónustu okkar við viðskiptavinina er gott aðgengi að vörum og höfum við tvær verslanir okkar opnar allan sólarhringinn, í Skeifunni og Garðabæ. Hagkaup býður einnig upp á netverslun með leikföngum og snyrtivörum þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á gott úrval, meðal annars fyrir þá sem vilja spara sér „kolefnis-sporið“ og fá sent heim, ásamt þeim sem geta ekki heimsótt verslanir okkar, svo sem vegna búsetu á landsbyggðinni.



# Samfélagið

## Samstarf við birgja

Neytendur gera sífellt meiri kröfur um sýnilegar merkingar um uppruna vara. Hagkaup gerir þá kröfu til birgja að umbúðamerkingar séu með viðunandi hætti og lögum samkvæmt, þar sem glögglega kemur fram uppruni vörunnar. Við leitum að jafnaði fyrst í nærumhverfi okkar eftir vörum og þjónustu svo lengi sem birgjar standast kröfur um gæði og hagkvæmni. Nýlega tók Hagkaup það skref að svokallaðir „skilabirgjar“ (vörur á skilarétti) geri grein fyrir hvað verði um vörunnar eftir að þeim er skilað með tilliti til matarsóunar. Hagkaup býður skilabirgjum meðal annars að selja vörur sínar á afslætti í versluninni frekar en taka þær til baka og henda þeim að hluta til eða öllu leyti.

## Stuðningur við nýsköpun

Það er okkur hjartans mál að styðja við nýsköpun. Ein besta leiðin til þess er að okkar mati að vinna náíð með smáframleiðendum og aðstoða þá við að koma vörum sínum á framfæri. Við fylgjumst vel með nýsköpunarsamfélaginu á Íslandi og þeirri miklu grósku sem þar er að finna. Á síðastliðnu ári hefur okkur tekist einstaklega vel upp í þessum efnum, en tugir íslenskra smáframleiðenda selja nú vörur sínar í verslunum okkar. Við framleiðum einnig fjölda vara sjálf undir eigin vörumerkjum. Ber þar helst að nefna Origami Sushi, California salöt og vefjur, brauðsalöt, pizzur og grillsósir.

## Samstarf við hagsmunaaðila

Við viljum eiga gott samstarf við hagsmunaaðila okkar og skapa þeim aukin lífsgæði í gegnum daglegt starf okkar til skemmri og lengri tíma. Margir eiga beina hagsmuni af rekstrinum eins og t.d. birgjar, viðskiptavinir, fjölskyldur starfsfólks, starfsfólk, eigendur, verktakar, samfélagið og yfirvöld. Við erum meðvituð um fjölbreytileika þessa hóps og hvernig við höfum áhrif á velferð ólíkra hagsmunaaðila.

## Styrkir til góðra verka

Hagkaup styður við fjölbreytt verkefni sem efla samfélagið og vernda umhverfið. Styrkirnir renna til félagasamtaka og fyrirtækja sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun. Dæmi um verkefni sem Hagkaup hefur styrkt á síðustu misserum eru styrkir til íþróttafélaga, góðgerðamála, menningar- og æskulýðsstarfa. Þá styður Hagkaup reglulega hin ýmsu verkefni með því að selja styrktarvörur fyrir góðgerðarfélag án þess að taka hagnað af sölu, t.d. Mottumarssokka, Bleiku slaufuna og dagatal Slökkviliðsins.



# Vörumerkjamælingar



Hagkaup býður viðskiptavinum sínum að taka þátt í viðhorfskönnun einu sinni á ári í samvinnu við vörumerkja sérfræðinga hjá brandr. Niðurstöður síðustu könnunar (mars 2023) leiða í ljós ánægjulegar niðurstöður í tengslum við Hagkaup sem áhugavert vörumerki, með sterka sérstöðu á markaði, sérhæfðar lausnir í vörum og þjónustu fyrir viðskiptavinum og síðast en ekki síst skemmtilega innkaupaferð.

Aðrir þættir sem eru undir okkar væntingum snúa að skynjun viðskiptavina á aðgerðum Hagkaups í sjálfbærni- og umhverfismálum. Endurgjöf viðskiptavina er okkur gríðarlega dýrmæt og við tökum þessum niðurstöðum sem áskorun um að gera enn betur og vera skilvirkari í samskiptum við neytendur um aðgerðir okkar á þessu mikilvæga sviði.

## Áhugavert

Hagkaup er áhugavert vörumerki



Óháð markaði, greinum eða geirum, þá ná áhugaverð fyrirtæki betur til neytenda en önnur. Vörumerki sem þykja áhugaverð ná að heyrast í gegnum suðið af skilaboðum sem dýnja á neytendum dags daglega. Þau fá fleiri opnanir á fréttabréf, fleiri innlit og skilaboð þeirra fá almennt meiri athygli en annarra.



## Tengsl vöru og þjónustu

Hagkaup býður upp á vörur og þjónustu sem höfða til mín



Hver og einn neytandi telur sig einstakann. Það er mikilvægt að vörumerki láti viðskiptavinum upplifa sig og skynja að vöru og þjónustu sé beint til þeirra. Hvort sem klæðskerastíðir lausnir sé að ræða eða búin sé til sú upplifun í gegnum samskipti við vörumerkið.



## Skemmtilegt

Hagkaup er skemmtilegt vörumerki



Fólk heimfærir mannlega eiginleika á vörumerki og skynjar persónuleika frá þeim. Það er því mikilvægt að þekkja skynjun neytenda á persónueinkennum vörumerkisins og sjá dýpt skynjunarinnar í huga viðskiptavina.



## Reynsla á sínu sviði

Hagkaup er reynslumikið á sínu sviði


Reynsla er óftast metin jákvætt af viðskiptavinum. Reynsla yfir undir traust hjá rötgrónum fyrirtækjum en traust getur einnig ýtt undir skynjun á reynslu hjá yngri fyrirtækjum. Vörumerki með reynslu eru ekki talin líkleg til að mistakast eða skapa neikvæða upplifun.



## Sérstaða

Hversu einstakt eða venjulegt finnst þér Hagkaup vera borið saman við fyrirtæki á sama markaði?

Aðgreining sýnir hversu einstakt vörumerkið er á markaði í huga viðskiptavina og hversu mikið því hefur tekist að greina sig frá öðrum vörumerkjum sem keppa við það á markaði.



## Ávextir fyrir börnin

Hagkaup hefur til margra ára boðið börnum að grípa með sér ókeypis hollan og góðan bita á meðan innkaupaferðinni stendur. Nánar tiltekið ferska ávexti úr þar til gerðum stöndum í öllum okkar verslunum.

Við leggjum metnað í að velja aðeins bestu bitana fyrir yngstu viðskiptavini okkar sem refurinn Haggi tekur brosandí á móti eins og sjá má.



# Samfélagsstyrkir

Stefna Hagkaups er að hlúa ekki einungis að heilsu og hag starfsmanna fyrirtækisins heldur nærsamfélagsins í heild sinni.

Ár hvert styrkir Hagkaup margvísleg mannúðar-, lýðheilsu-, fræðslu-, menningar- og menntunarverkefni. Árið 2022 námu samfélagsstyrkir félagsins 24 milljónum króna.

Nærsamfélagið er okkur hjartans mál og við munum halda ótrauð áfram að finna nýjar leiðir til að láta gott af okkur leiða.

## Styrkþegar 2022 voru 77 talsins:

- Asma og ofnæmisfélag Íslands
- Barnaspítali Hringins
- Batahús AA
- Blindrafélagið
- Borgarholtsskóli
- Chefs Akademia Iceland
- Diego
- Einstök börn
- FH Hafnarfirði
- Fjölnir Reykjavík
- Foreldrahús vímulaus æska
- Fram Reykjavík
- Fræ fræðsla og forvarnir
- Fylkir Reykjavík
- Geðdeild Landspítalans
- Geðhjálp
- Gigtarfélag Íslands
- GR Reykjavík
- Gróttta Seltjarnarnesi
- Heilaheill
- Hinsegin dagar í Reykjavík
- Hjartaheill
- Hjartavernd
- Hjálparstarf kirkjunnar
- Hjólaskautafélagið
- HK Kópavogur
- Hollvinafélag Varmalandi
- Hrafnista
- HSÍ
- Ingunnarskóli
- ÍA Akranes
- ÍR Reykjavík
- Ísaksskóli
- Íslenska barnahjálpin
- Íþróttasamband fatlaðra
- KA Akureyri
- Kapólska kirkjan
- Kiwanis
- KR Reykjavík
- Krabbameinsfélag Íslands
- Krabbameinsfélagið Framför
- Kraftur
- Kvennaathvarfið
- Kvenfélag Akureyrarkirkju
- Kvenfélag Árbæjarkirkju
- Landssamband lögreglumanna
- Landssamband slökkviliðsmanna
- Lionsklúbburinn Freyr
- Lionsklúbburinn Hængur
- Ljósið
- Lögreglufélagið
- Menntaskólinn á Akureyri
- MS Félag Íslands
- Mæðrastyrksnefnd
- Neistinn
- Rauði Krossinn
- Rimaskóli
- Samtök lungnasjúklinga
- SÁÁ
- Seltjarnarneskirkja
- SÍBS
- Skákfélag v/skákbarna á Grænlandi
- Skógræktarfélag Íslands
- Soroptimistaklúbbur Seltjarnarnes
- Stjarnan Garðabæ
- Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
- Súgfirðingafélagið
- UMFA Mosfellsbær
- Umhyggja - félag langveikra barna
- UN Woman v/Úkraína
- Úlfarnir knattspyrnufélag
- Valur Reykjavík
- Víkingur Reykjavík
- VMA Akureyri
- Þór Akureyri
- Þróttur Reykjavík

# Hagkaup styrkir Orðalykil

Hagkaup er eitt þriggja íslenskra fyrirtækja sem styrkja menntatæknifyrirtækið Mussila til að gefa út og veita þjóðinni ókeypis aðgang að íslenska lestrar- og málörvunarforritinu Orðalykli. Að styrkveitingunni standa einnig fyrirtækin A4 og Mjólkursamsalan. Mussila hlaut jafnframt styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins til að gera Orðalykilinn að veruleika.

Lestar- og málörvunarforritið Orðalykill kennir undirstöðupætti lesturs og læsis og nýtir Mussila sér kjarnalausnir íslensku máltækniáætlunarinnar til að þróa forritið. Höfundar þess eru talmeinafræðingarnir Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir ásamt Mussila ehf. Saman hefur teymið áratugalanga reynslu í að útbúa kennslufni fyrir börn og hefur teymið áður þróað Orðagull, Mussila Music og Mussila WordPlay. Mussila teymið hefur unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir menntalausnir sínar, nú síðast Bett verðlaunin í Lundúnum fyrir Bestu alþjóðlegu menntalausnina.

**ORÐALYKILL**  
**LÆRUM, LEIKUM, LESUM**

Orðalykillinn mun nýtast öllum börnum til að læra að lesa og skilja íslensku. Aðfluttum Íslendingum með erlendan uppruna, íslenskum börnum sem búa erlendis og öllum öðrum sem vilja læra okkar ástkæra og ylhýra tungumál. Um er að ræða gagnvirka kennslulausn sem ýtir undir snemmtæka íhlutun, málörvun og læsi.

Orðalykillinn er aðgengilegur á öllum helstu snjalltækjum, bæði til að nota heima og í skólum landsins, öllum að kostnaðarlausu.



## Matarmarkaður íslenskra smáframleiðenda

Með Matarmarkaði smáframleiðenda vill Hagkaup styðja við íslenska smáframleiðendur og vekja athygli á fjölbreyttri flóru af gæðavörum sem íslenskir frumkvöðlar hafa upp á að bjóða og um leið beina kastljósinu að blómlegri nýsköpun í matvælaframleiðslu á Íslandi.

Hagkaup hefur í gegnum árin unnið markvisst að því að efla samstarf við íslenska frumkvöðla sem eru að taka sín fyrstu skref á innanlandsmarkaði og margir hafa þeir náð góðum árangri og eru í dag með þekktar vörur á markaði.

Matarmarkaðir íslenskra smáframleiðenda hafa gengið vonum framar og yfir tuttugu þátttakendur taka þátt hverju sinni og stækkar markaðurinn með ári hverju. Hluti smáframleiðendanna sem tekur þátt í matarmarkaðnum hefur notið stuðnings úr Uppsprettunni, nýsköpunarstjóði Haga í gegnum tíðina. Hlutverk sjóðsins er að styðja við frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í matvælaframleiðslu á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á stuðning til innlendra verkefna sem taka tillit til sjálfbærni. Á síðasta ári var 16 milljónum úthlutað úr sjóðnum til tólf verkefna.





# Söfnun til mæðrastyrksnefndar

Mæðrastyrksnefnd eru samtök sem styðja við einstæða foreldra, öryrkja, eldri borgara og fjölskyldur með matar- og fataúthlutunum auk ýmissa styrkja sem veita efnalitlu fólki á Íslandi nauðsynlega aðstoð og úrræði.

Hagkaup hefur verið stoltur styrktaraðili Mæðrastyrksnefndar í áratugi og í desember 2022 söfnuðust tvær milljónir í söfnun sem Hagkaup stóð fyrir í verslunum sínum.

Viðskiptavinum var boðið að bæta 500 krónum við innkaup sín og Hagkaup bætti öðru eins við.

Mæðrastyrksnefnd hefur í gegnum tíðina unnið ómetanlegt starf sem við viljum standa vörð um.



## Skipulagsmál Hagkaups og Oreó

Söngkonan og kvikmyndagerðarkonan Sýlvía Erla Melsteð stóð fyrir skipulagsátaki í samvinnu við Hagkaup og mbl.is sem felst í því að efla lestur, heimanám, hreyfingu og minnka skjánotkun hjá börnum í grunnskólum landsins í september 2022.

Sýlvía Erla greindist sjálf með lesblindu undir lok 9. bekkjar og kom upp aðferðum til þess að læra og halda sér við efnið. Hún segir skipulag vera lykilinn í því að ná árangri. Hugmyndin að skipulagsbókinni kviknaði eftir fyrirlestrarröð í grunnskólum landsins um lesblindu. Sýlvía fann strax mikinn áhuga hjá börnum varðandi skipulagið sem hún kom sér upp og vildi leggja sitt á vogaskálarnar til þess að hvetja börn áfram í skólanum. Oreó, hundurinn hennar Sýlvíu, hefur vakið mikla eftirtekt og skipar hann stóran sess í verkefninu.

Átakið stóð yfir í tuttugu daga og fór skráning fram úr björtustu vonum. Grunnskólabörn tóku þátt og var keppni á milli grunnskóla landsins, skólinn sem safnaði flestum stigum fékk þann titil að vera best skipulagði skólinn auk þess að fá glaðning frá Oreó. Markmiðið var fyrst og fremst að fá sem flesta til þess að taka þátt, hafa gaman og fá börn til þess að njóta sín við lestur, heimanám og hreyfingu.



## Spilað til góðs til styrtkar Kvennaathvarfinu

Í nóvember 2022 stóð Hagkaup fyrir söfnun fyrir Kvennaathvarfið. Söfnunin fór fram með því sniði að píanó var staðsett fyrir utan Hagkaup í Smáralind og fyrir hvern gest sem spilaði lag lét Hagkaup 5.000 krónur renna til Kvennaathvarfsins. Þennan dag söfnuðust milljón krónur. Við erum óendanlega þakklát okkar frábæru viðskiptavinum sem tóku þátt í þessu verkefni með okkur.

# #spiladtilgods



## Þrjár milljónir til Krabbameinsfélagsins

Þjóðin lagðist á eitt í söfnunarátaki Krabbameinsfélagsins. Hagkaup tók virkan þátt í söfnuninni en forsvarsmenn afhentu félaginu ávísun upp á þrjár milljónir króna sem söfnuðustu í verslunum okkar.

Í byrjun október stóð Hagkaup fyrir söfnun þar sem viðskiptavinum bauðst að styrkja átakið með því að bæta 500 krónum við innkaup sín sem runnu til söfnunarinnar og Hagkaup lagði aðrar 500 krónur í mótframlag.

Söfnunin stóð yfir í viku og það stóð ekki á viðskiptavinum Hagkaups sem styrktu átakið um 1,5 milljón krónur. Hagkaup lagði sömu upphæð á móti og söfnuðust því alls þrjár milljónir.

Sigurður Reynaldsson framkvæmdastjóri Hagkaups sagðist vera gríðarlega þakklátur viðskiptavinum Hagkaups sem styrktu átakið með þessum hætti. Sagði hann þetta bera merki um samstöðuna sem ríkir varðandi Krabbameinsfélagið sem sinnir einstöku starfi.





---

## 5 Heimsmarkmið SP

---

Aukin sjálfbærni leiðir til betri framtíðar

**HAGKAUP**

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki SP hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

## HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



## Hagkaup og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Þó að Hagkaup hafi um mjög langt skeið unnið að umhverfisvernd hefur fyrirtækið ákveðið að leggja enn frekari áherslu á sjálfbærni. Hagkaup vinnur nú markvisst með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Hagkaup hefur forgangsraðað átta heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum fyrirtækisins. Þau tengjast kjarnastarfsemi fyrirtækisins, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

**Þessi átta markmið eru:**

3. Heilsa og vellíðan
5. Jafnrétti kynjanna
8. Góð atvinna og hagvöxtur
9. Nýsköpun og uppbygging
10. Aukinn jöfnuður
11. Sjálfbærar borgir og samfélög
12. Ábyrg neysla og framleiðsla
13. Aðgerðir í loftslagsmálum



# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið



## HEILSA OG VELLÍÐAN

Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

- Með því að hvetja starfsfólk til þess að hjóla eða ganga til og frá vinnu, a.m.k. hluta leiðar.
- Við bjóðum fjölbreytt vöruúrval af hollum matvörum, þar með talið ferskt grænmeti og ávexti, allt árið um kring. Við hvetjum viðskiptavinum okkar til að velja heilbrigðar og næringarríkar matvörur sem styðja við hollan lífsstíl og byggja grunn fyrir heilsusamlegt líf.
- Við höldum Heilsudaga tvisvar sinnum á ári.
- Heilsuáttak 1-2 sinnum á ári fyrir alla starfsmenn Hagkaups þar sem við bjóðum upp á afslátt af áskrift í líkamsrækt, mælingar hjá einkaþjálfara, fræðslu um mataræði og hreyfingu, ásamt auknum afslætti af heilsutengdum vörum í Hagkaups verslunum.
- Aukinn afsláttur fyrir starfsmenn af hollum valkostum fyrir hádegismat á vinnutíma, s.s. salatbar.
- Halda áfram að bæta úrvalið af vegan valkostum og auka fræðslu.



## JAFNRÉTTI KYNJANNA

Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við leggjum sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna með jafnréttisstefnu og jafnlaunavottun. Hagkaup er vinnustaður þar sem allir starfsmenn eiga jafna möguleika til starfa og starfsþróunar.
- Við leggjum okkur fram um að gera öllum jafnhátt undir höfði, með virðingu og jafnrétti að leiðarljósi.
- Hagkaup greiðir jöfn laun óháð kyni og býður sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Stefnt er að jöfnu kynjahlutfalli meðal karla og kvenna í stjórnendastöðum.
- Hagkaup hefur hlotið jafnlaunavottun í árlegum úttektum viðurkennds óháðs aðila byggða á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Með innleiðingu staðalsins geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Við munum halda áfram á þessari vegferð og endurnýja vottunina árlega um ókomna tíð. Markmið Hagkaups er að kynbundinn launamismunur sé ávallt undir 2%.

# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið



## GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Allt okkar starfsfólk á jafnan rétt til tækifæra, kjara, starfsþjálfunar og þróunar í starfi.
- Hagkaup leggur áherslu á að starfsfólk eigi kost á þjálfun og fræðslu sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi.
- Við erum í samstarfi við Heilsuvernd sem vinnur að heilsuvernd starfsfólks og heilsuefningu á vinnustað.
- Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.



## NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

Við styðjum við heimsmarkmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu á eftirfarandi hátt:

- Við teljum að fyrirtæki sem búa yfir meiri fjölbreytileika starfsfólks, eigi auðveldara með að stunda nýsköpun, séu hæfari til að aðlagast breytingum og njóti almennt meiri velgengni.
- Hagkaup vinnur náið með smáframleiðendum á Íslandi og aðstoðar þá við að koma vörum sínum á framfæri.
- Hagkaup tekur virkan þátt í frumkvöðlaverkefningu „Uppsprettan“ á vegum móðurfélagsins HAGAR.



# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið



## AUKINN JÖFNUÐUR

Við styðjum við heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

- Allt okkar starfsfólk á jafnan rétt til tækifæra, kjara, starfsþjálfunar og þróunar í starfi.
- Hagkaup starfar samkvæmt útgefinni jafnréttis- og launastefnu félagsins.
- Við tileinkum okkur starfs- og siðareglur félagsins en þar kemur meðal annars fram að öll óréttmæt mismunun, einelti, vanvirðing, kynferðisleg áreitni o.fl. sé ekki liðin á vinnustaðnum.
- Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.
- Hagkaup er meðal þeirra fyrirtækja sem hlotið hafa jafnlaunavottun skv. gæðastaðlinum ÍST-85 og viðgengst árlega úttekt af óháðum vottuðum aðila. Markmið Hagkaups er að kynbundinn launamismunur sé aldrei hærri en sem nemur 2%, en við höfum metnað fyrir stöðugum endurbótum og að munurinn sé sem næst 0%.



## SJÁLFBÆR SAMFÉLÖG

Við styðjum við heimsmarkmið 11 um sjálfbær samfélög á eftirfarandi hátt:

- Fyrir lok ársins 2023 mun Hagkaup ljúka vegferð sinni í að skipta öllum freon kælimiðlum út fyrir íslenska kolsýru, sem er umhverfisvænni og dregur úr orkunotkun.
- Lokuðum kælum hefur fjölgað umtalsvert sl. ár í verslunum okkar. Við höldum áfram á þessari vegferð í þágu orkusparnaðar og minni matarsóunar.
- Hagkaup hefur nú þegar skipt út allri loft-lýsingu með LED ljósabúnaði sem dregur úr orkunotkun. Næsta skref er að innleiða LED lýsingu á baksvæðum allra verslana okkar.
- Aukin áhersla á rétta flokkun úrgangs og lægra hlutfall af óendurnýtanlegum úrgangi.
- Verkefninu „Minnkum matarsóun“ var hrint úr vör árið 2022 þar sem róttækum verðlækkunum er beitt til að sporna við matarsóun.
- Innleiðing sjálfvirka pöntunarkerfisins AGR sem styður réttari vörukaup og fyrir vikið minni matarsóun.

# Hagkaup - sjálfbærnimarkmið

12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



## ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- Fyrir lok ársins 2023 verða allar verslanir okkar komnar með umhverfisvænni lokaða kæla sem skila orkusparnaði, bættri kælingu og minni matarsóun.
- Við höfum umhverfissjónarmið að leiðarljósi við öflun aðfanga. Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valin umfram annað.
- Við styðjum íslenska framleiðslu og eigum í góðu samstarfi við íslenska birgja og nýsköpunarfyrirtæki.
- Við leggjum áherslu á að selja vörur sem endast, líkt og úrval viðarleikfanga og umhverfisvæna bangsa.
- Í gegnum samstarf við Klappir fylgjumst við með rafmagns- og vatnsnotkun og reynum markvisst að draga úr henni. Samhliða þá vinnum við að aukinni flokkun úrgangs, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðlum þannig að ábyrgari neyslu og framleiðslu.

13 AÐGERÐIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



## AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Við hvetjum starfsfólk til að nýta sér vistvænni samgöngur s.s. að nota göngu, strætó eða annan umhverfisvænan ferðamáta í ferðir til og frá vinnu.
- Í samstarfi við Klappir drögum við markvisst úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið og minnkum losun gróðurhúsalofttegunda.
- Við fjárfestum í mótvægisáðgerðum í formi vottaðra kolefniseininga í samstarfi við Yggdrasil Carbon ehf.
- Við gerum auknar kröfur til birgja um að nota umhverfisvæna kosti og minnka plastnotkun.
- Auka samtal við viðskiptavini, birgja og starfsfólk varðandi stefnur og fleiri mögulegar leiðir til umhverfisverndar.
- Fyrir lok ágúst 2023 verður þeim áfanga lokið að skipta út óumhverfisvæna freon kælimiðlinum fyrir umhverfisvæna íslenska kolsýru í öllum okkar verslunum.
- Rafbílum hefur fjölgar verulega í bílaflota fyrirtækisins og haldið verður áfram á þessari vegferð við endurnýjun bifreiða.

## Markmið sem náðust árið 2022



Markmið að draga úr heildarorkunotkun sem nemur 5% milli ára. Niðurstaðan varð rúmlega tvöfaldur árangur, eða því sem nemur 10,6%. Við erum í skýjunum með þessa niðurstöðu en höldum ótrauð áfram og setjum markið hærra.



Markmið að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis sem nemur 10% milli ára. Niðurstaðan varð hvorki meira né minna en 26,6% milli ára, þökk sé fjölgun rafbíla í bílaflota fyrirtækisins.



Skipta út freon kælimiðli og fjölga lokuðum kælum í tveimur verslunum á árinu 2022. Við getum stolt sagt frá því að verslanir okkar í Spöng og Garðabæ náðu þessum áfanga.



Yfirferð á allri vöruframleiðslu Hagkaups og plastnotkun lágmarkuð. Pappírsumbúðum í stað plastumbúða fjölgaði á árinu 2022, bæði í vörum sem Hagkaup framleiðir og hjá birgjum okkar.



Viðhalda eða jafna enn betur hlutfall kynjanna í stjórnendastöðum. Á árinu 2022 og enn þann dag í dag er hlutfall karla og kvenna ennþá jafnt í stjórnendastöðum verslana okkar. 6 karlar og 6 konur.



Áframhaldandi þátttaka í verkefninu Atvinna með stuðningi í samvinnu við Vinnumálastofnun.



Bæta úrval heilsutengdra og plöntumiðaðra vara. Úrval okkar af þessum vörum heldur áfram að aukast og viðbrögð viðskiptavina okkar láta ekki standa á sér.



Fjölgun innlendra vörunúmera t.d. með Nýsköpunarsjóð Haga. Á árinu 2022 tók Hagkaup virkan þátt í að koma á framfæri vörum frá nýjum íslenskum smáframleiðendum, meðal annars með því að halda sérstaka þemadaga í verslunum okkar með tilheyrandi kynningum og skemmtilegum uppákomum.



Vefverslun fyrir leikföng og aðra sérvöru. Á árinu 2022 settum við í loftið vefverslun fyrir leikföng og stefnum á að bæta við enn fleiri vöruflokkum á árinu 2023.



# Lykilþættir úr ESG-skýrslu

## Kolefnisuppgjör (E1)

Heildarlosun Hagkaups árið 2022 nam 374,3 tonnum CO<sub>2</sub> ígilda, tCO<sub>2</sub>í, sem er 7,1% lækkun frá fyrra ári og rúmlega 22% lækkun frá grunnári (2019). Samtals losun í umfangi 1 og umfangi 2 var 164,3 tCO<sub>2</sub>í.

## Losunarkræfni (E2)

Losunarkræfni fermetra var 13,47 kgCO<sub>2</sub>í/fermetra, og losunarkræfni starfsmanna 1,08 tCO<sub>2</sub>í/stöðugildi.

## Orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun Hagkaups nam 14.573.690 kWh, eða sem nemur 10,6% lækkun milli ára. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 14.469.551 kWh.

## Vatnsnotkun (E6)

Heildarnotkun Hagkaups á heitu vatni árið 2022 nam 121.452 m<sup>3</sup>. Þetta er rúmum 7 prósentum lægra en árið 2021.

## Magn úrgangs og úrgangskræfni

Heildarmagn úrgangs frá rekstri Hagkaups nam 962.184 kg. Lækkun sem nemur rúmum 6 prósentum frá 2021.

Flokkunarhlutfall dróst saman um hálf prósentustig úr 55% í 54,5%, en það má að hluta til rekja til förgunar á gömlum kælibúnaði og innréttingum sem hluti af nauðsynlegri endurnýjun, m.a. vegna kolsýruinnleiðingar.

## Mótvægisaðgerðir með kolefnisbindingu

Hagkaup ræðst í mótvægisaðgerðir í formi vottaðra kolefniseininga í samstarfi við Yggdrasil Carbon ehf. Samtals mótvægisaðgerðir jafngilda 375 tCO<sub>2</sub>í.

Umhverfisuppgjör Hagkaups fyrir árið 2022 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Samfélagsuppgjörð er byggt á upplýsingum úr umhverfishugbúnaði Hagkaups, EnviroMaster, og unnið í samstarfi við Klappir.

# Lykiltölur úr ESG-skýrslu



LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA	EINING	2020	2021	2022
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> í	469,3	403,3	374,3
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> í	469,3	403,3	374,3
<i>Þar af staðfestar kolefniseiningar</i>				164,3
<i>Þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir</i>		469,3	403,3	
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> í	0	0	210
ORKUNOTKUN	EINING	2020	2021	2022
Heildarorkunotkun	kWst	15.871.202	16.305.662	14.573.690
<i>Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti</i>	kWst	121.875	141.992	104.139
<i>Þar af orka frá rafmagni</i>	kWst	9.262.795	8.541.111	7.425.320
<i>Þar af orka frá heitu vatni</i>	kWst	6.486.532	7.622.559	7.044.231
Bein orkunotkun	kWst	121.875	141.992	104.139
Óbein orkunotkun	kWst	15.749.327	16.163.670	14.469.551
SAMSETNING ORKU	EINING	2020	2021	2022
Jarðefnaeldsneyti	%	0,80%	0,90%	0,70%
Endurnýjanleg orka	%	99,20%	99,10%	99,30%

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS	EINING	2020	2021	2022
Samtals úrgangur	kg	1.118.676	1.025.061	962.184
Þar af flokkaður úrgangur	kg	599.882	563.945	524.258
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	518.794	461.116	437.813
Endurunnið / endurheimt	kg	591.599	563.544	525.533
Urðun / förgun	kg	527.060	461.517	436.538
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	53,6%	55,0%	54,5%
Hlutfall endurunns úrgangs	%	52,9%	55,0%	54,6%

Tölurnar hér að ofan sýna ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfisleg og samfélagsleg áhrif starfseminnar. Upplýsingar eru fengnar úr ESG- skýrslu sem Klappir unnu fyrir Hagkaup vegna ársins 2022.

# Sjálfbærnimarkmið 2023

- Ná þeim áfanga að innleiða íslenska kolsýru sem kælimiðil í allar Hagkaups verslanir í stað óumhverfisvænni kælimiðils (freon)
- Áframhaldandi innleiðing LED sem ljósgjafa á baksvæðum verslana (allt verslunargólf er nú þegar með LED lýsingu)
- Hækka flokkunarhlutfall úrgangs í 59%
- Draga enn fremur úr orkunotkun sem nemur 5% frá fyrra ári
- Draga enn fremur úr notkun á jarðefnaeldsneyti, eða sem nemur 10% frá fyrra ári
- Viðhalda jöfnu hlutfalli kynjanna í stjórnendastöðum



# Hagkaup – sjálfbærnimarkmið 2023



HEITI MARKMIÐS	HEIMSMARKMIÐ SP	TENGING VIÐ STEFNU HAGA	HEITI VERKEFNIS	MARKMIÐ 2023
<b>UMHVERFIÐ</b>				
Minna kolefnisspor	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Aukin flokkun verslana	59% flokkað sorp
Minna kolefnisspor	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Minni orkunotkun	5% minni orkunotkun
Minna kolefnisspor	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Minni notkun á jarðefnaeldsneyti	10% minni notkun á jarðefnaeldsneyti
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Innleiða umhverfisvænni kælimiðil í verslanir	Skipta freon út fyrir Co2 í einni (og síðustu) versluninni á árinu.
Minna plast	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Eigin vörur í umhverfisvænar umbúðir	Yfirferð á allri vöruframleiðslu Hagkaups og plastnotkun lágmarkuð
<b>MANNAUÐURINN</b>				
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Mannauður	Jöfnun á kynbundnum launamun	Viðhalda lægri en 2% kynbundnum launamismun
Jafna hlutfall kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum	5 - Jafnrétti kynjanna	Mannauður	Jöfn tækifæri til starfsþróunar	Viðhalda jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórnendastöðum
Góður rekstur og atvinna	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Mannauður	Góð vinna fyrir alla	Áframhaldandi þátttaka í verkefninu Atvinna með stuðningi
<b>SAMFÉLAGIÐ</b>				
Bætt heilsa viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélag	Aukning í heilsutengdum vörum	Bæta við úrval heilsutengdra vara
Aukið vöruframboð	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélag	Aukning í plöntuvænum vörum	Bæta við úrval af plöntumiðuðum vörum
Nýsköpun og innlend framleiðsla	9 - Nýsköpun og uppbygging	Samfélag	Aukið samstarf við innlenda framleiðendur	Fjölgun innlendra vörunúmera t.d. með Nýsköpunarsjóð Haga
Bætt aðgengi viðskiptavina	9 - Nýsköpun og uppbygging	Samfélag	Vefverslun	Vefverslun fyrir veisluþjónustu (matvara)

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

# Langtímamarkmið

- Allir ljósgjafar í verslunum Hagkaups (verslunargólf og baksvæði) verði LED lýsing
- 75% af bifreiðum Hagkaups verði knúnar með rafmagni
- Flokkunarhlutfall af endurnýjanlegum úrgangi verði yfir 80%
- Stigvaxandi starfsánægja skv. mælingum MoodUp
- Matarsóun verði undir 1% af kostnaðarverði seldra vara
- Kynbundinn launamismunur verði ávallt undir 1%







---

## 6 Áfram veginn

---

Tryggjum velferð komandi kynslóða

**HAGKAUP**

# Áfram veginn

Til að takast á við brýna alþjóðlega áskorun loftlagsbreytinga af mannavöldum þarf samstillt átak allra hlutaðeigandi aðila. Fyrirtæki eru þar fremst í fararbroddi og er krafa gerð um að þau sýni staðfestu í skuldbindingu sinni til umhverfisverndar á öllum sviðum rekstrar.

Einn lykilþáttur í þessum efnum fyrir fyrirtæki á matvörumarkaði er að draga úr matarsóun en Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út að rúmlega 1,3 milljarðar tonna af matvælum til manneðis fari til spillis ár hvert. Með því að bregðast markvisst við þessari þróun drögum við saman úr loftlagsbreytingum, stuðlum að sjálfbærri framtíð og betri heim.

Liðin er sú tíð að neytendur séu einungis óvirkir áhorfendur. Í dag eru þeir upplýstir, hygggir einstaklingar sem leita á virkan hátt eftir því að eiga viðskipti við fyrirtæki sem samræmast gildum þeirra og sýna ósvikna hollustu til umhverfismála. Því má segja að samkeppnishæfni fyrirtækja standi og falli með getu þeirra og vilja til að standa vel að verki þegar það kemur að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

Við vonum að þessi skýrsla veiti innsýn og gott yfirlit yfir þær áherslur og markmið sem Hagkaup hefur sett sér í tengslum við umhverfisvernd og samfélagslega ábyrgð.

Við erum þó hvergi nærri hætt og munum halda áfram að láta verkin tala á komandi misserum. Við erum spennt fyrir þeirri vegferð sem framundan er og munum gera allt í okkar valdi til að mæta þeim háleitu markmiðum sem við höfum sett okkur og kynnt hafa verið í þessari skýrslu.

